

## Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 16.janúar 2012 kl. 17.00

Mætt voru: Þröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.



### 1. Kosning á Íþróttamanni Akureyrar.

Atkvæði voru talin í kosningu um Íþróttamann Akureyrar. Dagskráin og framkvæmd athafnarinnar voru rædd.

Eftirtaldir verða heiðraðir fyrir starf sitt í þágu íþróttar: Þórarinn B. Jónsson, Þóroddur Hjaltalín og Fríða Pétursdóttir.

### 2. Önnur mál

Þröstur sagði frá því að síðasti fundur fráfandi stjórnar VMÍ var haldinn 3.jan en ekki er búið að tilnefna nýja stjórn. Hann sagði að búið væri að staðfesta samstarfssamning Hlíðarfjalls og SKA. Einnig sagði hann frá góðum fundi fulltrúa frá ÍRA, Nökkva og ÍBA þar sem rædd voru skipulagsmál.

Fyrirspurn barst frá KA um hvort hafi staðið til að halda fund með íþróttafélögum um ráðningu í stöðu íþróttfulltrúa ÍRA og var Þóru falið að svara því að það hafi ekki staðið til.

Sagt var frá tilfæringum á vannýttum tímum í í Glerárskóla þar sem TBA fékk 2 tíma sem teknir voru af Þór. Áhyggjuefni að TBA er ekki enn farið að nota tímana.

Rædd var staðan á undirbúningi fyrir afmælisár Akureyrarbæjar. Fram kom m.a. að KA, SKA, KKA eru búin að senda inn viðburði tileinkaða afmælisárinu.

Minnt var á að fara að huga að fyrirlestri á næsta formannafundi. Ákveðið að leggja áherslu á forvarnarmál t.d. tóbaks.

Rædd voru vinabæjamál og hugmynd að skoða afreksstefnu vinabæjanna, Randers, Álasund, Vesterås og Lahti.

Forvarnarmál – Rætt um að auka/efla aðgengi að forvarnarmálum bæjarins fyrir t.d. þjálfara.

Bréf barst frá KA umsókn um stuðning við launagreiðslur starfsmanns – Beiðnin áframsend til ÍRA.

Sent var bréf til ÍRA um að ekki hafi verið haldnir rekstrarstjórnarfundir með þeim félögum sem eru með samninga.

Fyrirspurn barst frá Frjálsíþróttasambandinu vegna Mannvirkjaþings 10.febrúar þar sem óskað var eftir að fá álit/þátttöku rekstrarstjóra mannvirkja Akureyrarbæjar. Erindið var sent áfram til Akbæjar sem neitaði erindinu og voru menn ekki sáttir við þá afgreiðslu. Ákveðið var að hafa samband við Kristinn Svanbergsson og formann ÍRA.

Fundi var slitið kl. 18.30

MÓ